

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar
95. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6.
Þriðjudaginn 2. febrúar 2016 kl: 20:00

Fundinn sátu: Ína Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir, Katrín Rós Prastardóttir, Bjarki Steinar Viðarson, Lára Rós Friðriksdóttir, Gunnar Árnason, Breki Dagur Jónsson, Eva Rut Reynisdóttir, Viktor Breki Auðunsson, Kristína Reynisdóttir og María Birna Jónsdóttir (Starfsmenn Ungmennaráðs)

Afboðuð: Kristinn Óli Haraldsson, Fjóla Dögg Aðalsteinsdóttir, Bryndís Björk Bergsdóttir, Arna Kristín Arnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ína Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir, ritari Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri næsta fundar.

Samþykkt að Breki Dagur Jónsson sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 16.febrúar 2016.

2. Áheyrnafulltrúi

Eva Rut Reynisdóttir, varaáheyrnafulltrúi UMH, fór yfir fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar.

3. UMFÍ ferðin

Lára Rós Friðriksdóttir sagði frá UMFÍ ferð sem 2 fulltrúar UMH fóru í þann 22. janúar síðast liðin.

4. Ungmennaráð Hornafjarðar

UMH barst tölvupóstur frá Ungmennaráði Hornafjarðar um samstarf á milli ungmennaráðanna. Ákveðið var að Kristína Reynisdóttir myndi hjálpa UMH að skipuleggja dagskrá samkomu ráðanna sem haldin verður eftir Ungmennapeing 2016.

5. Ráðstefnan á Selfossi

Ráðstefna sem haldin verður á Selfossi var kynnt fyrir UMH og mun María Birna Jónsdóttir athuga nánar hvaða aldurhópur má fara á ráðstefnuna. Málið verður rætt nánar þegar María Birna Jónsdóttir hefur fengið svar.

6. Skipta raddir unga fólksins máli? - Ráðstefna

Ráðstefnan “Skipta raddir unga fólksins máli?” var kynnt fyrir UMH og mun María Birna Jónsdóttir athuga fjölda fulltrúa sem meiga fara á ráðstefnuna og verður málið því rætt nánar þegar María Birna Jónsdóttir hefur fengið svar.

7. Ungmennafing 2016

Staða tekin á skipulagi og dagskrá fulltrúa fyrir Ungmennafing 2016. Ákveðið var að ræða sérstaklega um félagsmiðstöðvar í félagsmálum og menningu.

8. Strætó

Bréf verður sent til strætó um málefni sem rædd voru á 94. fundi UMH

9. Félagsmiðstöðvar

Sú tillaga að gera skoðunarkönnun meðal nemenda í grunnskólum um hvað þeir vilji að sé gert í félagsmiðstöðvum bæjarins kom fram og voru allir fulltrúar samþykkir þessari tillögu.

10. Önnur mál.

Rætt var um ABC-kerfið og hvernig hægt væri að fá kynningu á kerfinu.

Næsti fundur áætlaður 16. febrúar 2016. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:16.